



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Reykjavík, 24. janúar 2022
VEL2022010009

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Tillaga um breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg

Á fundi velferðarráðs þann 19. janúar 2022 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra um breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg, ásamt drögum að nýrri gjaldskrá fyrir stuðningsþjónustu:

Lagt er til að velferðarráð samþykki eftirfarandi tillögur að breytingum á reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg:

- a) Að fjárhæðir fjárhagsaðstoðar til framfærslu og aðstoð vegna barna hækki um 2,4% í samræmi við forsendur við úthlutun fjárhagsramma velferðarsviðs fyrir árið 2022.
- b) Að framlengt verði bráðabirgðaákvæði er kveður á um að þátttakendur í tilraunaverkefni IPS (Individual Placement Support) séu undanþegnir ákvæði um frádrátt tekna, allt að 50.000 kr.-, við ákvörðun um upphæð fjárhagsaðstoðar. Kostnaðarauki rúmast innan fjárheimilda velferðarsviðs.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Fulltrúi Sósíalistaflokks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

Hér er lagt til að fjárhæðir fjárhagsaðstoðar til framfærslu og aðstoð vegna barna hækki um 2,4% í samræmi við forsendur við úthlutun fjárhagsramma velferðarsviðs fyrir árið 2022. Eftir breytingu getur grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings, 18 ára eða eldri, sem rekur eigið heimili, numið allt að 217.799 kr. á mánuði. Fulltrúi sósíalista ítrekar að þetta er ekki næg hækkun. Fjárhagsaðstoð þarf að hækka meira svo að upphæðirnar dugi til mannsæmandi lífs. Sósíalistar hafa áður lagt það til og munu halda því áfram.

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Meirihlutinn leggur til að velferðarráð samþykki að fjárhæðir fjárhagsaðstoðar til framfærslu og aðstoð vegna barna hækki um 2,4% í samræmi við forsendur við úthlutun

fjárhagsramma velferðarsviðs fyrir árið 2022. Fulltrúa Flokks fólksins finnst þetta afar nánasarlegar hækkanir, nokkrir þúsundkallar. Þegar verðbólga mælist í kringum 5% er þetta í raun skerðing á kaupmætti milli ára. Hægt er að gera mun betur hér.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi gagnbókun:

Upphæðir fjárhagsaðstoðar eru nú hækkaðar í samræmi við forsendur við úthlutun fjárhagsramma velferðarsviðs fyrir árið 2022. Nú þegar hefur börnum notenda fjárhagsaðstoðar verið tryggð dvöl á leikskóla, skólamáltíðir og dvöl á frístundaheimili. Að auki er framlengt ákvæði sem kveður á um að þátttakendur í tilraunaverkefninu IPS njóti allt að 50.000 kr. frítekjumarks á mánuði. Auk þess er til skoðunar að útvíkka frítekjumörk vegna þátttöku í öðrum virkniverkefnum velferðarsviðs og er það vel.

Samþykktin er hér með send borgarráði.

Óskað er eftir að skrifstofa borgarstjórnar annist birtingu í B-deild stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst



Regína Ásvaldsdóttir

sviðsstjóri

Hjálagt:

Tillaga um breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg, ásamt fylgiskjölum, lögð fyrir fund velferðarráðs 19. janúar 2022.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Lagt fyrir 419. fund velferðarráðs 19. janúar 2022
VEL2022010009
RÁ/asa/kg/hjb

Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: Breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg.

Lagt er til að velferðarráð samþykki eftirfarandi tillögur að breytingum á reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg:

- a) Að fjárhæðir fjárhagsaðstoðar til framfærslu og aðstoð vegna barna hækki um 2,4% í samræmi við forsendur við úthlutun fjárhagsramma velferðarsviðs fyrir árið 2022.
- b) Að framlengt verði bráðabirgðaákvæði er kveður á um að þátttakendur í tilraunaverkefninu IPS (Individual Placement Support) séu undanþegnir ákvæði um frádrátt tekna, allt að 50.000 kr.-, við ákvörðun um upphæð fjárhagsaðstoðar.

Kostnaðarauki rúmast innan fjárheimilda velferðarsviðs.

Greinargerð:

Lagðar eru fram tillögur að breytingum á reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg.

Sjá nánar í meðfylgjandi minnisblaði.

Fylgiskjöl:

1. Minnisblað um breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg, dags. 19. janúar 2022.



Lagt fyrir 419. fund velferðarráðs 19. janúar 2022

VEL2022010009

RÁ/asa/kg/hjb

Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri.

Efni: *Breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg.*

I. Greinargerð

Lagðar eru til breytingar á fjárhæðum fjárhagsaðstoðar til framfærslu og aðstoð vegna barna í samræmi við forsendur við úthlutun fjárhagsramma velferðarsviðs fyrir árið 2022. Þá er einnig lagt til að framlengja tilraunaverkefnið IPS (Individual Placement Support) í tólf mánuði.

a) Hækkun á fjárhæð vegna fjárhagsaðstoðar til framfærslu og aðstoð vegna barna.

Samkvæmt 9. mgr. 10. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg skal velferðarráð endurskoða fjárhæðir árlega í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar. Lagt er til að fjárhæðir fjárhagsaðstoðar til framfærslu og aðstoð vegna barna hækki um 2,4% í samræmi við forsendur við úthlutun fjárhagsramma velferðarsviðs fyrir árið 2022. Fjárheimild til fjárhagsaðstoðar lækkar um 1.071 m.kr. milli ára sem skýrist að miklu leyti með lækkandi fjölda þeirra sem þurfa á fjárhagsaðstoð að halda samhliða minnkandi atvinnuleysi.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á 1.-5. mgr. 10. gr. og a. lið 16. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg:

1.-5. mgr. 10. gr.

Grunnfjárhæð

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings, 18 ára eða eldri, sem rekur eigið heimili getur numið allt að **217.799 kr.** ~~212.694 kr.~~ á mánuði.

Með rekstri eigin heimilis, sbr. ákvæði 1. mgr. er átt við þegar viðkomandi býr í eigin húsnæði eða leigir húsnæði og leggur fram þinglýstan húsaleigusamning.

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til hjóna/sambúðarfólks getur numið allt að **348.476 kr.** (**217.799 x 1,6**) ~~340.310 kr.~~

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings sem býr með öðrum, leigir húsnæði án þinglýsts leigusamnings eða hefur ekki aðgang að húsnæði er **183.507 kr.** ~~179.206 kr.~~

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings sem býr hjá foreldrum er **108.898 kr.** (**217.799:2**) ~~106.344 kr.~~ (~~212.694:2~~). Hafi einstaklingur, sem fellur undir framangreint forsjá barns, skal viðkomandi reiknuð grunnfjárhæð sem nemur **183.507 kr.** ~~179.206 kr.~~ á mánuði.

16. gr. a

Aðstoð til foreldra vegna barna á þeirra framfæri

Heimilt er að veita sérstaka aðstoð til foreldra í þeim mánuði sem þeir fá greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum vegna skólabyrjunar þann 15. ágúst og sérstaka aðstoð vegna jólahalds þann 1. desember á ári hverju. Um er að ræða ~~17.071~~ **17.481** kr. fyrir hvert barn í hvort skipti. Heimildin nær til þeirra foreldra sem fá greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum í ágúst og desember ár hvert.

b) Framlenging tilraunaverkefnisins IPS

Í bráðabirgðaákvæði með reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg er kveðið á um að þeir einstaklingar sem taka þátt í tilraunaverkefninu IPS (Individual Placement Support) eigi rétt á undanþágu hvað varðar frádrátt tekna við ákvörðun um upphæð fjárhagsaðstoðar. Miðað við að tíu einstaklingar fái uppbót á mánuði nemur kostnaðurinn samtals 500 þúsund á mánuði eða 6 m.kr. í tólf mánuði. Kostnaðarauki rúmast innan fjárheimilda.

Lögð er til eftirfarandi breyting á ákvæði til bráðabirgða í reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg:

*Þeir einstaklingar sem taka þátt í tilraunaverkefninu IPS (Individual Placement Support) eiga rétt á undanþágu frá ákvæði 1. mgr. 12. gr. hvað varðar frádrátt tekna við ákvörðun um upphæð fjárhagsaðstoðar. Heimilt verður að veita undanþágu vegna atvinnutekna sem nema allt að 50.000 kr. á mánuði. Tilraunatímabilið mun standa til 31. desember ~~2021~~ **2022**.*

Innra mat á tilraunaverkefninu IPS sýnir að verkefnið er að standast gæðakröfur. Af þeim tíu einstaklingum sem eru í störfum í dag er bráðabirgðaákvæðið nýtt fyrir einn einstakling. Það sýnir að þeir einstaklingar sem fara í störf fá tekjur sem eru umfram upphæð fjárhagsaðstoðar og heimild bráðabirgðaákvæðisins, sem er mjög jákvætt. Mikilvægt er talið að ákvæðið sé hins vegar áfram til staðar því það virkar sem hvatning til einstaklinga um að láta á störf reyna. Það er mat starfsmanna að ástæða sé til að vinna að tillögu og kostnaðarmati um að ákvæðið nái ekki eingöngu til þeirra sem fara í störf á vegum IPS

heldur líka þeirra sem fara í störf í öðrum endurhæfingarverkefnum, s.s. Tinnu og Grettistaki.

II. Gildistaka

Lagt er til að framangreindar breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg sem eru ívilnandi gildi afturvirkir frá og með 1. janúar 2022.